

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 1993

Nr. 178

340

13. apríl 1993

SAMPYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Selfoss og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 550/1987 með síðari breytingum.

1. gr.

Við A. lið 62. gr. samþykktarinnar komi nýr töluliður, sem verði 4. töluliður, og hljóði svo:

Til eins árs. Á fundi í apríl ár hvert, nema það ár er sveitarstjórnarkosningar fara fram, þá skal kosið í júní. *Selfossveitur b.s.* Þrír aðalmenn og þrír til vara, skv. 10. gr. samnings um Selfossveitur, dags. 3. september 1992. Úr hópi aðalmanna kys bæjarstjórn formann stjórnar Selfossveitna.

2. gr.

13. töluliður í B. lið 62. gr. samþykktarinnar breytist og hljóði svo:
Húsnaðisnefnd. Þrír aðalmenn og þrír til vara, skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnaðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990 og reglugerð nr. 46/1991.

3. gr.

14. töluliður í B. lið 62. gr. samþykktarinnar falli brott og aðrir töluliðir breytist í samræmi við það.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með á grundvelli 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1993.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Þórhildur Líndal.